

Neyðarlínan ohf  
Skógarhlíð 14  
105 Reykjavík

Reykjavík 26. júní 2018  
UST201806-053/P.B.S.  
09.04.00

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Fjarskiptaaðstaða - Purkhólar**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Neyðarlínunnar ohf. dags. 5. júní 2018, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Málið var tekið fyrir á fundi ráðgjafanefndar um þjóðgarðinn miðvikudaginn 20. júní. Niðurstaða fundarins var eftirfarandi:

*Ráðgjafanefnd gerir ekki athugasemd við uppsetningu fjarskiptamasturs og tengdra mannvirkja á Purkhólum með þeim fyrirvara að eftirtalin atriði verði tekin til athugunar:*

- 1. Hvort hægt sé að reisa ljósastaur, sambærilegt því sem finnst víða á íþróttavöllum, í stað masturs sem kynni að verða minni að umfangi og þar af leiðandi hugsanlega minna rask og sjónræn áhrif.*
- 2. Hvort hægt sé að staðsetja spennistöð með þeim hætti að hún nýtist starfsemi við Vatnshelli og mögulega nýju salerni við gatnamót Útnesvegjar og Dritvíkurvegjar.*
- 3. Starfsmenn þjóðgarðsins hafi eftirlit meðan á framkvæmdum stendur.*

### **Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull**

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og er þjóðgarðurinn í umsjón Umhverfisstofnunar. Verndargildi þjóðgarðsins felst að stórum hluta í fjölbreyttum jarðmyndunum og að viðhalda lífríki svæðisins í sem upprunalegastri mynd í anda samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Einnig felst gildi þjóðgarðsins í menningarminjum. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar framkvæmdum eða mannvirkjagerð í þjóðgarðinum.

### **Lýsing framkvæmdar:**

Fyrirhugað er að reisa fjarskiptaaðstöðu á Purkhólum innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Tímasetning og lengd verkefnis er áætlað í júní 2018. Framkvæmdin er í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru 5-8. Plægja þarf jarðstreng og notast verður við jarðvinnutæki til að reisa mannvirkin.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að mannvirkid hafi óveruleg áhrif á náttúru- eða sögulegar minjar í Þjóðgarðinum. Hinsvegar getur það haft áhrif á upplifun gesta, enda verður það sýnilegt víða. Framkvæmd við uppsetningu mastursins og tilheyrandi búnaðs getur haft tímabundin áhrif á gróður á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir framangreind áhrif framkvæmdarinnar þá sé brýnt að koma fjarskiptum á svæðinu í betra horf, bæði vegna öryggis gesta sem og fyrir starfsemi þjóðgarðsins. Stofnunin telur mikilvægt að á meðan á framkvæmdum stendur verði hugað að viðkvæmum gróðri og jarðminjum við Purkhóla og vegna sýnileika mannvirkisins verði allt gert til að vernda upplifun og ánægju gesta.

### **Skilyrði**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir fjarskiptaaðstöðu á Purkhólum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Þjóðgarðsverði verði gert viðvart við upphaf verktíma og fullt samráð verði með þjóðgarðsverði sem mun einnig fylgja framkvæmdunum eftir.
- Starfsmaður Umhverfisstofnunar verður með eftirlit á framkvæmdatíma.
- Draga skal eftir fremsta megni úr sýnilegum áhrifum mannvirkja, s.s. með réttu vali á mastri og staðsetningu þjónustuhúss í samráði við þjóðgarðsvörð.
- Lágmarka skal allt rask á framkvæmdastað og laga slíkt strax ef verður.
- Fara skal að tilmælum þjóðgarðsvarðar hvað varðar lagna- og akstursleið að framkvæmdastað.

### **Leyfisgjald**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur. – sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


### **Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Starfsmenn þjóðgarðsins verða á staðnum og hafa eftirlit með frágangi eftir þörfum.



Jón Björnsson  
Þjóðgarðsvörður

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri